

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðauka III A, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um tímabil innflutnings, vörumagn, verð- og magntoll:

Tollskrárnr.: Vara		Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
a)			kg	%	kr./kg
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.13 - 30.06.14	53.000	0	359
b)	<i>Ostur og ystingur:</i>		119.000		
0406.1011	Skyr með viðbættum sykri eða sætiefni	01.07.13 - 30.06.14		0	255
0406.1019	Annað skyr	01.07.13 - 30.06.14		0	255
0406.1090	Annað	01.07.13 - 30.06.14		0	255
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.13 - 30.06.14		0	255
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.13 - 30.06.14		0	191
0406.4000	Gráðostur	01.07.13 - 30.06.14		0	293
0406.9000	Annar ostur	01.07.13 - 30.06.14		0	286

#### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar.

#### 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparísjóðs eða vátryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst þýður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

#### 5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Nr. 473

22. maí 2013

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2014.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. maí 2013.*

F. h. r.  
**Halldór Runólfsson.**

*Rebekka Hilmarsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 22. maí 2013